

Ár 1994, miðvikudaginn 25. maí var í málinu nr. 3/1994 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR:

Málavextir eru þeir að með bréfi dags. 22.02.94 kærir Egill Marteinsson mat á landspildu úr landi Gíslastaða í Grímsneshreppi, Árnessýslu. Í kærubréfi segir:

"Í framhaldi af samtali við forstöðumann, FMR, Reykjavík, sendi ég hér með, kæru vegna úrskurðar undirmats á Selfossi, sem byggð er á lækkun á nýju mati án tilits til eldra mats."

Kærinni fylgir í myndriti úrskurður FMR á Selfossi dags. 14.07.93, þar sem fasteignamat landspildunnar er lækkað úr áður ákveðnu mati kr. 5.651.000,- í kr. 1.092.000,-, en það er sú matsfjárhæð, sem nú er verið að kæra.

Þann 11. maí s.l. fór Yfirfasteignamatsnefnd á vettvang og skoðaði aðstæður. Mættir voru auk Yfirfasteignamatsnefndarmanna, Egill Marteinsson f. h eigenda svo og Haukur Gíslason starfsmaður FMR á Selfossi.

Umrædd landspilda er fremur mjó landræma með Hvítá, þýfðir móar nokkuð bratt hallandi niður að ánni. Landspildan er afgirt, þó ekki með ánni. Stærð landspildunnar er óumdeild 84000,0 m<sup>2</sup>.

Landspildunni fylgir veiðiréttur í Hvítá, ómetinn til fasteignamats og ekki til umfjöllunar í þessu máli. Á landspildunni stendur lítið veiðihús í eigu landeigenda.

Aðkoma að svæðinu er helst um ruddan en malarborinn veg yfir Hestfjall af þjóðvegi. Samkvæmt upplýsingum Egils Marteinssonar þá er þessi vegur gerður af Stangveiðifélagi Reykjavíkur og í eigu þess. Vegurinn er lokaður með keðju á Hestfjalli.

Að athuguðum öllum aðstæðum telst landspilda þessi hæfilega metin á kr. 450.000,-.

### ÚRSKURÐARORÐ:

Fasteignamat ofangreindrar landspildu ákveðst kr. 450.000,- í fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1993.

  
Guðný Björnsdóttir

  
Pétur Stefánsson

  
Guðmundur Magnússon